

Skólaráðsfundur

Þriðjudaginn 8. apríl 2014 frá kl. 8:00-9:00

Mættir: Gunnþór, Helga, Gerður, Inga Rut, Linda

1. Gunnþór lagði fram til kynningar drög að skóladagatali 2014 – 2015. Dagatalið er samræmt skóladagatali Dalvíkurskóla og skóladagatali Fjallabyggðar þar sem reynt er að samstilla þætti s.s. vetrarfrí, skipulagsdaga og skólabyrjun. Einungis 1 dagur er ætlaður í haustfrí fyrir áramót en áfram verða 2 dagar í vetrarfrí eftir áramót.
2. Gunnþór kynnti þá breytingu sem tekur gildi hjá grunnskólakennurum skólans næsta vetur en þá verða aftur teknir upp tvöfaldir dagar, þ.e. tveir vinnudagar verða skráðir hjá kennurum, bæði fyrir árshátíð skólans og á jólaföndri.
3. Rætt um að halda áfram með þematengda kennslu, þ.e. að tekin verða fyrir ákveðin þema í samfélags- og náttúrufræðigreinum og unnið með viðfangsefnið í ákveðinn tíma. Reynt verður að flétta þemaverkefnið inn í önnur fög skólans þannig að unnið verði þvert á námsgreinar.
4. Stundaskrá næsta veturs lögð fram en hún er ekki full mótuð.
 - kennt verður í 90 mínútna lotum
 - allir kennsludagar vikunnar hefjast með kennslu í íslensku
 - 1. og 2. bekkur verða saman í byrjendalæsi á morgnanna og mun Krístrún sjá um þá tíma
 - 3. – 7. bekkur verða saman í íslensku og Helga og Dagrún þá kennslu
 - Stefnan er að opna meira á milli rýma í grunnskólahluta næsta vetur en með því gefast betri og fjölbreyttari tækifæri til samkennslu óháð aldri nemenda og hægt að skipta hópum upp eftir því sem best þykir hverju sinni, s.s. kynskiptir hópar, áhugasvið nemenda, geta nemenda ofl.
 - Íslenska og stærðfræði verða kennd saman fyrir 1. – 7. bekk.
 - Dagleg viðvera grunnskólanemenda verður sú sama og verið hefur þ.e. 08-1330.
 - Eftir er að fínþússa samkennslu í heimilisfræði, smíðum og textíl en kennt verður í þremur hópum, þrjú tímabil
 - Þá verður sett á laggirnar valsmíðja sem hugsuð er sem útismiðja, t.d. í kofabyggingu eða öðru skapandi starfi utandyra.
 - Lenging verður á fríminútum, þ.e. 30 mínútur í stað 20 mínútna einu sinni að morgni.
 - Bjarni Vald og Gunnþór taka að sér kennslu í ensku, dönsku og tölvufræði en Bjarni hefur nú minnkað við sig kennslu og kennir einungis 20% við skólann.
5. Foreldrakönnun leik- og grunnskólaí Dalvíkurbyggð er nú að ljúka og góð svörun hefur verið hjá foreldrum nemenda í Árskógarskóla.

6. Gunnþór greindi frá því að verið er að vinna að nýrri skólustefnu Dalvíkurbyggðar en í þeirri vinnu er kallað eftir hugmyndum nemenda, starfsfólks og foreldra

7. Sú nýbreytni verður tekin upp á næsta skólaári að boðið verður upp á hafragraut á hverjum morgni fyrir alla nemendur skólans þeim að kosnaðarlausu. Tími sem áætlaður er í grautinn er frá kl. 7:45 – 8:30 en inn í þeim tíma er einnig gert ráð fyrir frjálsri lestrarstund nemenda á grunnskólaaldri.

8. Aftur var tekið fyrir málefni síðasta skólaráðsfundar, þ.e. merki skólans. Á síðasta fundi var ákveðið að lengja skilafrest á innsendum hugmyndum að nýju merki Árskógarskóla þar sem fremur fáaar hugmyndir höfðu skilað sér. Á þessum fundi voru teknar til skoðunar þær hugmyndir sem Gunnþóri höfðu borist og af þeim voru tvær myndir valdar til áframhaldandi úrvinnslu. (Ísadóra Ólafsdóttir og Elsa Kryeziu, báðar af Kötlukoti, áttu þær myndir sem urðu fyrir valinu). Á fundinum var ákveðið að ræða við Karen Lind Árnadóttir (mömmu Smára) um útfærslu á myndunum.

Fleira ekki á dagskrá. Þetta er lokafundur ráðsins á þessu skólaári.

Fundi slitið kl. 9:00

Smári vék af fundi kl. 8:45 þegar kom að vali á myndum fyrir merki skólans.

Fundargerð ritaði – Gerður Olofsson